

Nesfréttir

SEPTEMBER 2022 • 9. TBL. • 35. ÁRG. • borgarblod.is

Erum einnig á visir.is



Vesturbæjarútibú við Hagatorg



Fjöldi fólks á bæjarhátíð

Fjöldi Seltirninga tók þátt í bæjarhátíðinni sem fór fram á Seltjarnarnesi 26. til 28. ágúst sl. Fjölbreyttir viðburðir voru í boði en segja má að heimsókn í Fjölskyldugarðinn í Gróttu hafi vakið mesta athygli. Margir stöldruðu lengi við enda um margt að vera. Opið var upp í vitann sem vakti forvitni margra og margir nýttu sér það tækifæri til þess að skoða þetta mannvirki sem er eins konar tákn fyrir Seltjarnarnes og njóta útsýnis þaðan. Spiderman mætti einnig á svæðið og klifraði upp í vitann og aftur niður. Á myndinni má sjá fjölda fólks við vitann í Gróttu. Frétt og myndir á bls. 6.

Opið

8-24
alla daga

Á EIDISTORGI

HAGKAUP



Velkomin
á Grandann

Nú sækjum við og
skilum bílnum



AFGREIÐSLUTIMI
mán. – fös. kl. 8–16:30



Frumherji

Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • www.frumherji.is



Apótekið þitt
í hverfinu þínu
Héðinshúsinu Seljavegi 2

REYKJAVÍKUR APÓTEK

Héðinshúsinu Seljavegi 2 | 522 8400

FAGLEG RÁÐGJÖF • LYF • SNYRTIVÖRUR • HEILSU- & NÁTTURUVÖRUR

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • **ÁBYRGÐARMADUR:** Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson **UMBROT:** Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • **HEIMASÍÐA:** borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Elsti skólinn – mannaður leikskóli

Snjólaug Oddsdóttir formaður skólanefndar Seltjarnarness ritar grein í Nesfréttir að þessu sinni. Í greininni fjallar hún um skólamál í bænum.

Í greininni kemur meðal annars fram að öll börn fædd árið 2020 og sótt var um leikskóladvöl fyrir hafi fengið boð um pláss í Leikskóla Seltjarnarness. Í Ungbarnaleikskóla Seltjarnarness eru yngstu börnin sem fengið hafa boð um pláss fædd í maí 2021.

Þetta eru góð tíðindi þar sem erfiðleikar hafa verið í leikskólalámum margra sveitarfélaga. Ekki síst vegna þess hversu erfitt hefur verið að fá leikskólakennara til starfa.

Seltirningar hafa löngum verið framarlega í skólalámum. Hér í blaðinu er einnig fjallað um upphaf skólastarfs á Seltjarnarnesi en sögu samfelldrar barnakennslu má rekja 150 ár aftur í tímann.

Miklar lýkur eru á að Mýrarhúsaskóli sé elsti barna- eða grunnskóli landsins. Upplýsingar um eldra skólastarf liggja ekki fyrir.

Seltirningar hafa verið frumkvöðlar í kennslu barna og ungmenna. Augun hafa alla götu verið opin fyrir nauðsyn menntunar.

Eins og sjá má af grein Snjólaugar í Nesfréttum nú eru þau augu leikskólann miðað við almennar aðstæður.

Seltirningar geta fagnað að eiga elsta samfellda skólastarf á landinu. Þeir geta einnig fagnað því að eiga nær fullmannaðan leikskóla á erfiðum tímum í leikskólastarfi.

Sendinefnd frá Búlgaríu skoðar starfsemi Hitaveitu Seltjarnarness



20 manna sendinefnd frá 8 sveitarfélögum í Búlgaríu sótti Seltjarnarnesið heim á dögunum til að kynna sér starfsemi Hitaveitu Seltjarnarness.

Heimsóknin var í tengslum við áætlun uppbyggingarsjóðs EES um endurnýjanlega orku. Starfsmenn hitaveitunnar tóku á móti vel á móti gestunum, leiddu þá í gegnum sögu okkar einstöku hitaveitu, starfsemina og framtíðarsýnina.

Eftir stutta yfirferð og kynningu í bæjarstjórnarsalnum var farið með hópinn að skoða borholu 12 og þaðan að listaverkinu Bollasteinn eftir Ólöfu Nordal. Að sjálfsgöðu var svo boðið upp á heimaverkaðan kæstan hákarl við Hákarlahjallinn en hann fór víst eins og gefur að skilja mis vel ofan í búlgörsku gestina!




www.systrasamlagid.is



Um okkar FYRIRTÆKI

GB tjónnaðið er réttíngi- og málningarverkstæði með 5 stjörnu gæðavottun frá Bilgreinasambandinu. Við erum í samstarfi við öll tryggingafélög.



Hafðu samband núna

Droghóls 6-8 567-0690 tjon@tjon.is www.tjon.is

Við þjónustum allrar gerðir bíla

Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingarfélagi.

Rétting og málun

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.

Getum gert fast verðtilboð í viðgerðir

Erum með bílaeigubíla á staðnum

Vinnum með öllum bílaumboðum

DAGSKRÁ OKTÓBER 2022



BLEIKUR OKTÓBER Bækur í bleiku allan mánuðinn tileinkað vitundarvakningu Krabbameinsfélagsins og baráttu gegn krabbameini hjá konum.

1.–31. okt.

HALLOWEEN RATLEIKUR Þekkir þú vampírur, múmiur og kóngulær?

Komdu þá á bókasafnið og finndu þær! Þáttökublað í afgreiðslu og skemmtileg þáttökuverðlaun.



3. sept. kl. 20.00

SELGARNANES OG NÁGRENNI

Áhugafólk um hannyrðir hittist, hjálpast að og deilir hugmyndum. Nánar á FB: **SelGARNanes og nágrenni**



4. okt. kl. 17:00

GALLERÍ GRÓTTA SÝNINGAROPNUN

Jónína Magnúsdóttir, **Ninný**, opnar sýningu sína **BREYTILEIKI**. Sýningin stendur til og með 16. október.



10. okt. kl. 19:30–20:30

BÓKMENNTAKVÖLD

Guðrún Frímansdóttir

félagsráðgjafi og rithöfundur les upp úr og fjallar um bókina **Elspa – saga konu**.


Í bókinni rekur Sigríður Salberg Olsen, „harmsögulega ævi sína og upprisu til nýs lífs á síðustu árum.“



12. okt. kl. 17:00–17:30

SÖGUSTUND FYRIR YNGSTU BÖRNIN

Lesnar verða bækurnar **Dimma**, **dimma höllin** eftir Ruth Brown og **Nanna og miðnæturdrekinn** eftir Valerie Thomas og Korky Paul.




13. okt. kl. 17:30–18:00



TÓNSTAFIR

Fyrstu Tónstafir vetrarins byrja af krafti því tónlistarmennirnir **Bogomil Font** og **Baldvín Hlynsson** munu leika og syngja lög úr ýmsum áttum.

Tónstafir er samstarfsverkefni bókasafnsins og tónlistarskólans á Seltjarnarnesi.



15. okt.



kl. 11–14 FÖNDUR
Sæunn barnabóka-
vörður býður börnum og fjölskyldum þeirra upp á skemmtilegt föndur.

KL. 11:30–12:30
LESID FYRIR HUND

Börnum býðst að lesa sér til ánægju fyrir hunda sem eru sérstaklega þjálfaðir til að hlusta á börn lesa. Sex börn komast að í hvert skipti.

Skráning: saeunn.olafsdottir@seltjarnarnes.is

olafsdottir@seltjarnarnes.is



20. okt. kl. 17:00

GALLERÍ GRÓTTA SÝNINGAROPNUN




Þorbjörg Þórðardóttir textillistakona opnar sýningu sína Listvéfnaður og blönduð tækni. Sýningin stendur til og með 12. nóvember.



29.–30. okt.

HREKKJAVAKA Í GLUGGUM BÓKASAFNSINS

Skuggalegar furðuverur fara á stjá í Bókasafni Seltjarnarness þegar rökkva tekur.



Bókasafn Seltjarnarness

Opnunartími: Mán. - fim. 10-18.30 og fös. 10-17. Lau. 11-14.

Sími: 5959-170, Netfang: bokasafn@seltjarnarnes.is

Bókasafn Seltjarnarness

27. okt.



BANGSADAGURINN

Allt til bangsa-
grímugerðar í
barnadeildinni
og Bókasafns-
bangsarnir sýna
sig og sjá aðra.

Uppskeruhátíð Sumarlesturs



Vinningshafar í sumarlestri með Gunnari Helgasyni rithöfund og Sæunni barnabókavardar á Seltjarnarnesi.

Uppskeruhátíð Sumarlesturs fór fram á bókasafninu í um miðjan september en Sumarlesturinn er átaksverkefni sem hvetur börn að lesa sem mest yfir sumarmánuðina. Sumarlesturinn gekk einstaklega vel í sumar en yfir 100 börn tóku virkan þátt og alla föstudaga voru veitt verðlaun.

Nýlega fengu þátttakendur sem mest lásu svo sínar viðurkenningar. Gunnar Helgason rithöfundur tók þátt í uppskeruhátíðinni, spjallaði og las upp úr bókum sínum sem og aðstoðaði hann Sæunni barnabókavörð við verðlaunaafhendinguna en fjöldi barna fékk viðurkenningu fyrir góðan árangur eins og sjá má á myndum frá hátíðinni á FB síðu bókasafnsins.

AS WE GROW

Umhverfisvæn íslensk hönnun



WWW.ASWEGROW.IS
KLAPPARSTÍGUR 29 REYKJAVÍK

Fjólublár bekkur



Fjólublái bekkurinn við Gróttu.

Vitundarvakning Alzheimer samtakanna

Fjólublár bekkur hefur verið settur niður á leið við Gróttu í tengslum við vitundarvakningu Alzheimer samtakanna, Munum leiðina. Fjólublár er alþjóðlegur litur Alzheimer sjúkdómsins og annarra heilabilunarsjúkdóma. Settir hafa verið niður fjólubláir bekkir á nokkrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu

Allir bekkirnir eiga það sameiginlegt að standa við sjávarsíðuna með fallegu útsýni en saman mynda þeir einnig skemmtilega leið í gegnum öll þessi sveitarfélög. Alþjóðlegur dagur heilabilunar var fimmtudaginn 21. september og er þetta liður í vitundarvakningu Alzheimer samtakanna á Íslandi um málaflokkinn sem ber yfirskriftina „Munum leiðina“. Á bekkjunum er QR kóði sem hægt er að skanna og styrkja um leið samtökin. Hvetjum fólk til að taka fallegar og skemmtilegar myndir af sér á þessum fallegum bekkjum eða bara að setjast niður og njóta útsýnsins.



ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook

Staða mála frá bæjarstjóra

Nú í kjölfar heimsfaraldurs sem varað hefur síðastliðin þrjú ár með tilheyrandi kostnaði fyrir okkur öll hefur nú verðbólga í nánast veggja stafa tölu tekið við. Staðan er því þung en við munum í sameiningu komast á gott ról með bætta afkomu í fyllingu tímans og vonandi sem allra fyrst.

Í hagtölum og verðbólguþá Hagstofu Íslands var gert ráð fyrir liðlega 3% verðbólgu á árinu 2022.

Raunin er 9,7% verðbólga nú þegar þetta er ritað – ekki bara á Íslandi heldur í allri álfunni. Ástæður eru nokkrar en fyrrnefndur faraldur og stríð í Evrópu koma þar við sögu. Gríðarlega hækkanir allra aðfanga í þessu ljósi eru okkur öllum áhyggjuefni. Við eins og allir aðrir vonum sannarlega að toppnum sé náð og böndum hafi verið komið á verðbólgu.

Hjá öllum sveitar- og bæjarsjóðum hefur þetta ástand gert viðkvæma stöðu mun verri og ónýt flestar okkar áætlanir. Nær allir sveitar og bæjarsjóðir eru í sömu stöðu í þessari skyndilegu og miklu verðbólgu.

Óendurskoðað uppgjör Bæjarsjóðs Seltjarnarness fyrir fyrstu sex mánuði ársins ber þessa merki. Við erum um 200 milljónir út af sporinu miðað við áætlun.

Þar vege mest fjármagnsliðir sem leggjast á langtímalán bæjarins eða um 100 milljónir.

Fræðslumál eru liðlega 64 milljónir umfram áætlun meðal annars vegna aukins starfmannakostnaðar vegna faraldurs sem og fleiri barna í leikskólavist utan bæjarins en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Í Félagsmálum er málaflokkur fatlaðra van-fjármagnaður af hendi Ríkis og þar er umframkostnaður okkar um 33 milljónir.

Í byggðasamlögin svo sem Strætó bs. mun þurfa strax aukið framlag eigenda í takt við eignarhald en staða Strætó bs er mjög alvarleg og stefnir fljótlega í þrot ef ekki er aðhafst.

Í gangi er vinna við fjárhagsáætlun 2023 og fer sú vinna fram með 2 – 4% hagræðingu í huga.

Þessi staða er sannarlega ekki skemmtileg og alls ekki í takt við áætlanir enda ljóst að forsendur sem fyrir lágu eru alveg brostnar. Við okkur blasir nú í upphafi kjörtímabils brekka sem við ætlum að yfirstíga. Það er engin uppgjöf í okkur en verkefnið er ærið og okkar að takast á við stöðuna fyrir hönd okkar allra.

Það verður þó ekki gert nema með aðgerðum sem mögulega kunna að bitna á þjónustu sem og verði hennar. Lækkun launa okkar kjörinna fulltrúa sem og undirritaðs eru til skoðunar sem og allar aðrar aðgerðir sem við kunnum að vera knúin til að fara í á þessum tímamarki.



Þór Sigurgeirsson.

Við stefnum þó enn á byggingu nýrrar leikskólabyggingar svo fljótt sem verða má. Segja má að það mál sé í algjörum forgangi því búast má við umtalsverðri fjölgun íbúa árið 2024 og þá er það skylda okkar að innviðir séu til staðar.

Allar okkar aðgerðir munu þó á öllum tíma miða að því að verja grunnþjónustu bæjarins með hagkvæmni að algjöru leiðarljósi. Við töpum ekki gleðinni og munum komast saman í gegn um þennan skaf.

Þór Sigurgeirsson.

Alla leið á öruggari dekkjum

Pantaðu tíma í dekkjaskipti á n1.is



Michelin X-ICE Snow

Nýjasti meðlimurinn í vetrardekkjalínu Michelin. Aukið grip í hálfu, snjó og slabbi. Endingargott grip út líftímann. Einstakir akstureiginleikar og þægindi við erfiðustu aðstæður. Allir bestu eiginleikarnir – Michelin Total Performance.

Notaðu N1 kortið



Henta vel undir rafbíla

Michelin X-ICE North 4

Besta hemlun í hálfu, hvort sem dekkinn eru ný eða ekin 10.000 km. Betri akstureiginleikar í samanburði við helstu samkeppnisaðila. Hámarksgríp með sérhönnuðu mynstri fyrir hverja stærð. Einstök ending. Lágmarks hljóðmengun.



Michelin Alpin 6

Nýr mynsturskurður sem opnat eftir því sem dekkið slitnar. Endingargott grip út líftímann. Lagskipt gúmmiblanda sem veitir hámarksgríp.

Hjólbarðapjónusta N1

Bildshöfða	440-1318	Langatanga Mosfellsbæ	440-1378
Fellsmúla	440-1322	Reykjavíkurvegi Hafnarfirði	440-1374
Réttarháls	440-1326	Grænásbraut Reykjanesbæ	440-1372
Ægisíðu	440-1320	Dalbraut Akranesi	440-1394
Klettagörðum	440-1365	Réttarhvammi Akureyri	440-1433

Opið
mán – fös kl. 08-18
laugardaga kl. 09-13
www.n1.is

N1

ALLA LEIÐ

Velheppnuð bæjarhátíð

Bæjarhátíð Seltjarnarness fór fram dagana 26.-28. ágúst sl. og var ekki annað að sjá og heyra en að bæjarbúar og aðrir gestir hafi kunnað vel meta þá fjölbreyttu viðburði sem boðið var upp á alla helgina tengt menningu, mannlífi og útivist.

Veðrið skartaði sínu fegursta og bauð meir að segja upp á logn í Gróttu þegar að fjölmenni sótti þangað Fjölskyldudaginn í Gróttu. Flestir gáfu sér góðan tíma í eyjunni enda margt um að vera, vöflulmurinn lokkandi og pylsurnar góðar hjá Soroptimistaklúbbum sem stóð í ströngu við að baka og grilla. Opíð var upp í vitann fyrir gesti að njóta útsýnis í allar áttir og Spiderman fangaði athygli allra þegar hann sýndi listir sínar og klifraði vitann upp og niður. Margrét Arnar lék léttu og ljúfa tóna á harmonikku um alla eyju og Húllastelpan bauð upp á mikið húllafjör. Í Fræðasetrinu rannsökuðu margir spenntir lífríki sjávarins undir leiðsögn Þorkels líffræðings, hönnunarsýning Helgu R. Mogensen í Vitavardarhúsinu, Finndu mig í fjöru, var einstök og í Albertsbúð var vöflukaffi og fönður

auk þess sem Friðrik Vignir bauð upp á söngstund. Virkilega gaman hversu vel gestir í Gróttu nutu fjörunnar, eyjunnar og félagsskaparins við aðra bæjarbúa á fjölskyldudeginum.

Aðrir viðburðir bæjarhátíðarinnar voru einnig fjölskylduvænir og vel sóttir. Hress hópur skellti sér í sjósund með þeim Maju og Gróu, félagarnir í BMX BRÓS buðu upp á frábæra BMX sýningu og þrautabraut fyrir ofurhuga. Hægt var að spegla sig í Spegglaskúlptúr á gönguleiðinni út að Snoppu og glerlistakonan Sigrún Ólöf tók á móti sýningargestum á sýningu sína BROT í Gallerí Gróttu alla helgina. Það var fjör í fjölskyldugolfinu á Nesvöllum, nýju inniaðstöðu golfklúbbsins, kirkjugestir keyptu brakandi ferskt grænmeti eftir uppskerumessuna og sirkussýningin Glappakast í Bakkagarði féll í kramið hjá ungu kynslóðinni.

Hápunktur bæjarhátíðarinnar hjá mörgum var svo Bæjargrillið á Vallarbrautarróló þar sem stemningin einstök en um 600 manns á öllum aldri hafði þar gaman saman, söng og

spjallaði. Íbúahópurinn sem bar hita og þunga af framkvæmdinni á svo sannarlega þakkir skyldar en engir viðburðir verða til að sjálfu sér og umstangið fyrir og á eftir er mikið. Hamborgarar og aðrar veitingar seldust nær upp, börnin skemmtu sér konunglega með andlitsmálningu á leiksvæðinu. Guðrún Árný söngkona stýrði fjöldasöng og Bjartur Logi tók svo við með gítarinn og góð lög. Hátíðin fór svo sannarlega vel fram og virtust allir skemmta sér hið besta eins og myndirnar sýna.



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bætrrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðöldum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

www.grantthornton.is

**Foreldrar
verum samtaka**



Útivistarreglurnar

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþróttá- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



Samstarfshópur
um forvarnir

SAMAN



Ríkislögreglustjórnin

Skólahald á Seltjarnarnesi í eina og hálföld

- Nesfréttir fjalla lítilega um fyrstu þrjá áratugin

Reglulegt skólahald á Seltjarnarnesi á sér um einnar og hálfra aldar sögu. Talið er Ólafur Guðmundsson útvegsbóndi í Mýrarhúsum hafi fyrstur haft forystu um að koma því á fót á Seltjarnarnesi um 1875. Hann hafði áður stundað sjó frá Suðurnesjum og kynnst þar skólahaldi sem þar var hafið. Á þeim tíma var skólahald enn fátítt og einkum stuðst við heimakennslu barna. Skólakennsla hafði verið stopul í Reykjavík á árunum 1830 til 1850. Nokkrir Seltirningar höfðu þó komist í kynni við skólahald í Reykjavík þar á meðal Pétur Sigurðsson sem varð bóndi á Hrólfskála og einnig hafði Guðmundur Einarsson sem varð bóndi í Nesi verið í kvöldskóla hjá Jóni Ólafssyni í Reykjavík.

Framtak Ólafs Guðmundssonar í Mýrarhúsum varð til þess að grunnskóli var stofnaður og ber enn nafn Mýrarhúsa. Fyrstu sjó árin starfaði skólinn í litlu timburhúsi sem stóð á hlaðinu í Mýrarhúsum og Ólafur lagði honum til í upphafi. Í fjárhagsáætlun Seltjarnarneshrepps fyrir 1879 til 1880 voru veittar 200 krónur til kaupa á þessu húsi sem átti að vera fyrsta greiðsla fyrir það en húsið átti að kosta 600 krónur og greiðast á þremur árum sem bendir til að sveitarfélagið hafi eignast sitt fyrsta skólahús að fullu árið 1882. Hreppsnefndin sótti síðan um leyfi sýslunefndar til þess að setja á stofn fastan skóla í hreppnum sex árum síðar árið 1878 sem nefndin veitti. Telst það því opinbert stofnun Mýrarhúsaskóla nú Grunnskóla Seltjarnarness.

Sigurður Sigurðsson fyrsti kennarinn

Fyrsti fasti kennari Mýrarhúsaskóla var Sigurður Sigurðsson sem Ólafur Guðmundsson í Mýrarhúsum sá um að útvega. Sigurður var Eyfirðingur frá Reykhúsum í Eyjafirði. Hann hafði stundað búskap en síðan heimakennslu á ýmsum stöðum. Til að mynda á Melrakkaslétu og í Eyjafirði meðal annars hjá Pétri Hafstein amtmanni á Möðruvöllum. Hann var sjálfmenntaður enda erfitt um að ná sér í menntun til kennslu á þeim árum. Sigurður stýrði Mýrarhúsaskóla í þrjá áratugi og litu Seltirningar á hann sem höfðingja skóla síns. Í blaðinu Ísafold 14.

apríl 1915 mátti lesa eftirfarandi. "Samviskusamt valmenni er í engu mátti vamm sitt vita, prýðisgóður kennari og besti uppeldisfaðir og ráðunautur hinna mörgu unglunga, er falin var forsjá hans." Til marks um stjórnsemi Sigurðar var að baldnir piltar úr Reykjavík voru sendir til hans í skóla til ögunar. Meðal þeirra var Ágúst H. Bjarnason, síðar prófessor sem var í Mýrarhúsaskóla um 1885. Í blaðinu Óðni er haft eftir Ágústi að hann hafi haft gott lag á krökkunum og öllum verið hlýtt til hans. Sigurður mun hafa nýtt krafta nemenda sinni á þann hátt að láta þá sem bestir voru segja hinum lakari til sem reyndist vel til þess að virkja nemendur til starfa.

Sagt til í dönsku

Á meðan Mýrarhúsaskóli var í litla húsinu á hlaði Mýrarhúsa voru oftast á bilinu 25 til 30 nemendur í skólanum. Fyrsta vorið voru kenndar fjórar greinar við skólann. Lestur, skrift og reikningur auk þess sem barnalærdómsbókin kverið var kennd. Sigurður var í fyrstu eini kennari við skólann en fljótlega fór Guðmundur Einarsson útvegsbóndi í Nesi að kenndi söng og stóð kennsla hans fram eftir vetri eftir eða þar til hann fór með skip sín til róðra frá Suðurnesjum. Á þriðja ári 1877 til 1878 hófst kennsla í sögu og dönsku í Mýrarhúsaskóla. Af kennslubókum sem stuðst var við eða notaðar við kennsluna má nefna landafræði Ersvels sem Páll Melsteð hafði þýtt á íslensku og Wulffs Læsebog í dönsku. Mýrarhúsaskóla var skipt í tvo bekkir fjórða starfsári skólans þar sem saga, landafræði og danska bættust við námsefni. Athygli gekur að börnum hafi verið sagt til í dönsku á tíma þegar tungumálanám var fjarri Íslendingum nema í Lærða skólanum. Smám saman fjölgaði kennslubókum og má meðal annars nefna Lærdómsbók í kristilegum trúarbrögðum handa unglungum eftir danska biskupinn Nicolai Edringar Balle. Af því má ráða að skynsemistrú Magnúsar Stephensens hafi enst nær alla 19. öldina á Seltjarnarnesi.

Hugað að nýju skólahúsi

Eftir að hafa starfað í fimm ár í litla húsinu var það talið of lítið og auk þess illa farið meðal annars af leka og ekki myndi svara kostnaði



Skólahúsið frá 1906.

að gera það upp. Var haldinn fundur á vegum hreppsnefndar að boði Magnúsar Stephensens bónda í Viðey og oddvita Seltjarnarneshrepps í Mýrarhúsaskóla 27. febrúar 1882 þar sem rædd var nauðsyn þess að byggja nýtt skólahús. Þessi fundur markar þáttaskil í skólamálu Seltirninga. Á fundinum varð samstaða um að reisa nýtt skólahús úr steini. Eigandi Mýrarhúsa lofaði að láta fjórðung úr dagsláttu eða 225 fernings faðma sem telst vera um 60 fermetrar undir skólann er skildi vera án leigu um aldur og ævi. Nokkur ágreiningur varð um hvar skólahúsið skyldi rísa. Til að ráða fram úr þeim vanda var skipuð fimm manna nefnd valinna búandmanna á Seltjarnarnesi. Ekki fór þó betur en svo að meirihluti staðarvalsnefndarinnar og meirihluti hreppsnefndar náðu ekki saman um staðsetninguna.

Deilt um staðarval

Staðarvalsnefndin vildi byggja húsið neðan við götuna fram í Nes í vestur frá Mýrarhúsum. Meirihluti hreppsnefndar var ekki sáttur og lagði blátt bann við að byggt yrði eftir tillögum staðarvalsnefndarinnar. Þeir settu sig í samband við sýslumann sem þá var Kristján Jónsson er síðar varð ráðherra sem tók málið upp og brýndi alvarlega fyrir Magnúsi Stephensen oddvita að fara ekki í þessu máli fram fyrir eða utan löglegar ákvarðanir nefndarinnar. Röksemdir Magnúsar í málinu voru þær að hreppnum myndi sparast um 200 krónur ef byggt væri þar sem staðarvalsnefndin hafði lagt



Sigurður Sigurðsson, fyrsti kennari Seltirninga.

til auk þess sem húsnæðið yrði langtun haganlegra og betur sett. Þá mun hreppstjóri hafa neitað að kaupa teikningu eftir Lunders múrarameistara sem meirihluti hreppsnefndar hafi lagt til að byggt yrði eftir. Að lokum var ákveðið að fara neðri leiðina. Að byggja skólahúsið neðan við götuna að Nesi. Gamla húsið var selt til niðurrifs og viðir þess fluttir út í Engey þar sem þeir voru nýttir í bátaskýli. Kristinn bóndi í Engey er talinn hafa keypt gamla húsið til þess að greiða fyrir sáttum í deilunum um nýja skólahúsið. Nokkrar deilur urðu þó um bygginguna og kenndi hreppsnefndarmenn Guðmundi Einarssyni í Nesi og umsjónarmanni byggingarinnar um galla sem þeir töldu á nýja húsinu auk þess sem þeir báru fram kvartanir fyrir



Nemendur í Mýrarhúsaskóla ásamt kennara sínum á fyrri hluta síðustu aldar.

reikningshaldi Guðmundar. Þrátt fyrir deilur um nýja skólahúsið og byggingu þess reyndust Seltirningar almennt ánægðir með það. Nýja skólahúsið var formlega tekið í notkun 5. janúar 1883.

Nýtt skólahús varð hvatning í félags- og fræðslumálum

Í Suðra 20 janúar 1883 er sagt frá hátíðarhöldum á Seltjarnarnesi í tilefni þess að nýtt skólahús var tekið í notkun. Hátíðahöldin fóru fram um kvöldið 5. janúar 1883 og var allmörgum gestum úr Reykjavík boðið. Þar á meðal var Steingrímur Thorsteinnsson skólameistari og skáld sem flutti Seltirningum frumsamið ljóð þar sem hann meðal annars

lofsöng þekkinguna. Hann vitnaði til orða Francis Bacon um að þekkingin væri veldi og tengdi þau orð við viðleitni bænda á Seltjarnarnesi að kom á skólahaldi og miðla þekkingu til ungs fólks. Í Suðra frá sama tíma segir eftirfarandi. “Það liggur í augum uppi, hve brýn nauðsyn það er fyrir nesið, þar sem allir lifa á sjóföngum, að koma sér upp barnaskólahúsi; feðurnir eru oftast á sjó og mæðurnar hafa nóg með að vinna heima og allri barnafræðslu háski búinn, nema að fastur grundvöllur sé lagður undir hana, en það er að vorri hyggju vænt og varanlegt barnaskólahús.” Því verður ekki á móti mælt að nýja skólahúsið í Mýrarhúsum varð mönnum hvatning til átaka í félags- og fræðslumálum í byggðarlaginu.”

Framfarafélagið fór að láta til sín taka

Þess var heldur ekki langt að biða að Framfarafélag Seltjarnarness léti til sín taka. Í umræðum á fundi þar fljótlega eftir byggingu nýja skólahússins var rætt og lögð fram tillaga um að hefja kennslu í hannyrðum fyrir ungar stúlkur. Málið var nokkuð umdeilt. Þær skoðanir voru viðráðar að fjárskortur hamlaði að hefja slíka starfsemi auk þess sem Þórður Guðmundsson sagði að kennsla fyrir kvenfólk yrði til þess að engin vinnukind fengist. Niðurstaða þessa máls urðu þó þær að fengnar voru sex konur til þess að kenna á þriggja mánaða námskeiði. Allmargar stúlkur sóttu námskeiðið. Ætlunin var að halda annað námskeið árið eftir en af því varð ekki þar sem næg þátttaka náðist ekki. Einnig hófst fljótt umræða um sjómannafræðslu og stofnað var til hennar árið 1885. Talin var þörf á stofun sjómannaskóla en menn deildu nokkuð um hvað leggja bæri áherslu á í þeim fræðum. Var skipst á skoðunum um hvort meiri nauðsyn bæri til að kenna verklega þátt sjómennskunnar eða þann bóklega og þar á meðal siglingafræði.

Aftur rætt um sunnudagsfræðslu

Haustið 1886 var til umræðu og þá öðru sinni að vera með fræðslu á sunnudögum. Var það hugsað fyrir

þá sem litla eða enga menntun hefðu hlotið en væru komnir á fullorðinsár. Sigurður Sigurðsson kennari bauð fram krafta sína og að þessu sinni varð sunnudagsfræðslan að veruleika. Pétur Sigurðsson á Hrólfsskála og Guðmundur Ólafsson tóku að sér að annast kennslu með Sigurði.

Sigurður hættir kennslustörfum

Skólaárið 1896 til 1897 var síðasta skólaárið sem Sigurður Sigurðsson annaðist einn kennslu við Mýrarhúsaskóla. Á árunum 1897 til 1902 starfaði hann við kennslu ásamt aðstoðarfólki. Þá hafi sjón hans versnað verulega og hann átti orðið erfitt um starf sökum þess. Á almennum fundi 18. júní 1904 var rætt um hvort hann ætti að halda kennslu áfram og niðurstaðan varð sú að hann skildi hætta kennslustörfum þar sem sjóndepra ylli því að hann réði vart við þau lengur. Fundurinn lét einnig í ljós þakklæti til hans fyrir kennslu við skólann í 29 ár. Kennarastarfið var auglýst og tók Einar G. Þórðarson við starfi kennara og skólalastjóra það ár.” Þar með lauk fyrsta kafla í sögu Mýrarhúsaskóla og skólahalds á Seltjarnarnesi sem hefur haldist óslitið frá upphafi skólustarfs á Nesinu.

Heimildir: Seltirningabók. Blaðagreinar.


SNYRTUM GRÓÐUR VIÐ LÓÐARMÖRK

Fjölbreyttur garðagróður fegrar umhverfi Seltjarnarness og veitir íbúum skjól í görðum sínum. Þar sem gróðurinn vex ár hvert er nauðsynlegt að huga vel að því að hann vaxi ekki út fyrir lóðarmörk eða slúti þannig yfir að hætta stafi af.

Gróður getur slegist í gangandi og hjólandi vegfarendur með tilheyrandi hættu á slysum. Einnig geta greinar skyggt á umferðarmerki, götumerkingar eða jafnvel götulýsingu.

Snyrta þarf gróður og klippa þannig að hvers konar umferð gangi greiðlega. Best er að gera það þegar tré og runnar eru ekki laufguð og greinabygging því vel sýnileg.

Stöndum saman um að minnka hættur í umhverfi okkar.



SELTJARNARNESBÆR
UMHVERFISNEFND

30 ára afmæli listahátíðar kirkjunnar

Helgi, helgun og listaverk Louisu Matthíasdóttur í brennidepli á listahátíð Seltjarnarneskirkju

Listahátíð Seltjarnarneskirkju 2022 verður sett við guðsþjónustu í kirkjunni á sunnudaginn kemur, 2. október, kl. 11 árdegis, og stendur hátíðin með fjölbreyttum viðburðum allan mánuðinn. Kirkjan hélt fyrst listahátíð 1992 og síðan á tveggja ára fresti fram að kóvíð-faraldri, sem setti strík í reikninginn víða.

Nú – á þrjátíu ára afmælinu – þegar þráðurinn er tekinn upp að nýju, er haldið þeirri venju að hátíðin markist af ákveðnu þema eða meginefni. Það er að þessu sinni kunnugleg trúarleg hugtök; *Helgi, helgun og heilagleiki*. Einnig verður á dagskrá spurningin um *afhelgun*, sem þykir um margt móta samtíð okkar. Þessi stef verða viðfangsefni margs konar listviðburða – frá málverki til tónlistar – auk sérstaks málþings um ýmsar hlíðar áður nefnds meginefnis hátíðarinnar.

Það verður því margt að njóta fyrir þá sem leggja leið sína í Seltjarnarneskirkju í októbermánuði. - Aðgangur að öllum viðburðum listahátíðarinnar verður ókeypis og allir velkomnir.

Nær 20 málverk Louisu Matthíasdóttur sýnd

Málverk listakonunnar góðkunnna Louisu Matthíasdóttur (1917-2000) setja sterkan svip á hátíðina. Við setninguna nk. sunnudag mun Rakel Pétursdóttir, safnafræðingur, kynna verk Louisu sem verða nær tuttugu á sýningunni, þ. á m. ýmis úrvalsverk hennar. Eru verkin fengin að láni úr einkasafni frænda listakonunnar, Sigurðar Arngrímssonar. Erindi sitt nefnir Rakel: „*Af græna borðinu. Málverk Louisu Matthíasdóttur.*“



Félagar úr *Kammerkór kirkjunnar* syngja undir stjórn Friðriks Vignis Stefánssonar organista. Sr. Bjarni Þór Bjarnason sóknarprestur prédikar. Á fræðslumorgni kl. 10 flytur Gunnar Kvaran sellóleikari erindið „*Spjallað um Johann Sebastian Bach.*“

Ein mynda Louisu Matthíasdóttur sem sýnd verður á listahátíð kirkjunnar.

Forvitnilegt málþing með kunnnum fyrirlesurum

Laugardaginn 8. október kl 14 - 16 verður sérstök dagskrá – m á l þ i n g -- um hugtökin sem hátíðin er helguð.

Í upphafi þeirrar dagskrár flytur *Selkórinn*, sem starfað hefur um áratugaskeið á Seltjarnarnesi, nokkur lög sem hæfa tilefninu: *Helgir staðir, helgar stundir*. Stjórnandi er Fjóla Kristín Nikulásdóttir.

Síðan halda fimm fræðimenn stutt erindi um efnið og eiga samræður við áheyrendur um það:

- Ari Páll Kristinsson, rannsóknarprófessor, *Í helgidómnum. Um notkun og merkingarsvið hugtakanna helgi og heilagleiki.*
- Gunnar Jóh. Gunnarsson, prófessor em., *Ungt fólk og hið heilaga á tímum afhelgunar og fjölmennings.*
- Krístrún Heimisdóttir lögfræðingur, *Afhelgun alls? Hérlend tómhyggja og framtíð hennar.*
- Rúnar Vilhjálmsson prófessor *Samfélagsbreytingar og trúarlíf, áskoranir kirkjunnar*
- Sigurður J. Grétarsson prófessor, *Helgun staða og stunda.*

Tvennir einsöngstónleikar

Daginn eftir, sunnudaginn 9. okt., kl. 16 flytja þær Alexandra Chernyshova sópran og Lenka Matéova á píanó og orgel fjölbreytilega dagskrá íslenskra og erlenda laga eftir Bach-Gounod, Sigvalda Kaldalóns og fleiri dád tónskáld.

Sunnudaginn 16. október kl. 16 verða í kirkjunni tónleikar bassasöngvarans Bjarna Thors Kristinssonar við undirleik Ástríðar Öldu Sigurðardóttur. Þar verða m.a. á dagskrá verk eftir Beethoven, negrasálmur og vinsæl íslensk sönglög.

Bach fyrir börnin o.fl. fyrir unga fólkíð

Annað efni á hátíðinni verður m.a. sérstaklega tengt börnum og unglingum: - Friðrik V. Stefánsson organisti mun flytja dagskrána „*Bach fyrir börnin*“, sem



Selkórinn.



Lenka Matéova.



Alexandra Chernyshova.

áður hefur verið flutt á listahátíð og víðar við afar góðar undirtektir. Dagskráin verður föstudag 7. okt. kl. 10.30 fyrir 7. bekk Mýrarhútaskóla.

Nánar verður sagt frá einstökum viðburðum listahátíðarinnar á fjöl- og samskiptamiðlum.

Áhugaverð fræðsluerindi á sunnudagsmorgnum

Alla sunnudagsmorgna októbermánaðar verða hin hefðbundnu fræðsluerindi í Seltjarnarneskirkju kl. 10 tengd meginefni hátíðarinnar og flutt af kunnnum fyrirlesurum. M.a. mun Anna Valdimarsdóttir sálfræðingur ræða um „Helgun hvunn dagsins“ og Ásdís Egilsdóttir prófessor em. flytja erindi um Þorlák biskup helga.

Anna Valdimarsdóttir sálfræðingur ræða um „Helgun hvunn dagsins“ og Ásdís Egilsdóttir prófessor em. flytja erindi um Þorlák biskup helga.



Johann Sebastian Bach.

Listahátíðarnefnd kirkjunnar árið 2022 skipa þau Gunnlaugur A. Jónsson, formaður, Guðrún Brynjólfsdóttir, Ólafur Egilsson, Sigurður Júlíus Grétarsson og Steinunn Einarsdóttir.

Dagbjört Snjólaug Oddsdóttir skrifar:

Góð staða í skólamállum

Haustrútinan er tekin við og stundatöflur klárar. Undanfarna daga og vikur hafa foreldrar fengið pósta úr fjölmörgum áttum og hafa ekki undan við að skreyta dagatalið, taka við upplýsingum sem mynda ákveðna festu, röð og reglu. Hjá undirritaðri kallar þetta alltaf fram góða tilfinningu yfirvegunar og stöðugleika eftir handahófskennda sumartíð.

Fyrsti fundur nýskipaðrar skólanefndar Seltjarnarnarnesbæjar var haldinn 7. september sl. Á fundinn mættu fulltrúar Leikskóla Seltjarnarness, Grunnskóla Seltjarnarness og Tónlistarskóla Seltjarnarness.

Ljóst er að fyrstu dagar í skólanum fara vel af stað og flest börnin taka glöð á móti rútinunni. Skólanámskrá grunnskólans og kennsluáætlanir eru vel á veg komnar og verða birtar á heimasíðu skólans á næstu dögum. Í nágrennasveitarfélaginu heyrast óánægjuraddir vegna langra biðlista í frístund. Öðru máli gegnir um skóladagvist í Grunnskóla Seltjarnarness þar sem Skjólíð og Frístund hafa tekið við öllum börnum í 1. til 4. bekk sem óskað var eftir vistun fyrir.

Mönnun hefur gengið vonum fram

Vel hefur gengið að manna lausar stöður á leikskólum bæjarins en undanfarin misseri hefur mönnun verið stærsta áskorunin þegar kemur að inntöku barna að hausti. Staðan er mjög góð og því er að þakka leikskólalastjórnendum. Stefna Seltjarnarnesbæjar hefur verið að taka 14 mánaða gömul börn inn á leikskóla í ágúst ár hvert. Þetta markmið er að sjálfsögðu háð fjölmörgum breytum en ljóst er að róíð hefur verið að því öllum árum að ná markmiðinu. Nú hafa öll börn sem fædd eru árið 2020 og sótt var um leikskólavöl fyrir áður en umsóknarfrestur rann út þann 31. mars 2022 fengið boð um pláss í Leikskóla Seltjarnarness. Í Ungbarnaleikskóla Seltjarnarness eru yngstu börnin sem fengið hafa boð um pláss fædd í maí 2021. Inntaka nýrra barna er gerð í skrefum en öll börn hefja leikskólagöngu fyrir lok september sem er gleðiefni.

Endurskoðun skólastefnu Seltjarnarnesbæjar

Skólastefnu þarf að endurskoða reglulega enda inniheldur hún markmið sem þurfa að svara kalli tímans og endurspeglar ábyrgð skólanna á árangri nemenda í samvinnu við foreldra og forráðamenn. Ný menntastefna verður kynnt á yfirstandandi skólaári með nýjum áherslum í takt við breytta tíð og ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Samkvæmt nýlegri rannsókn meðal nemenda í 8-10. bekk kom í ljós að áhyggjur eiga ekki síst að beinast að skjánotkun, svefnleysi, orkudrykkjum og nikótínupúðum. Þessar niðurstöður þarf að kynna áfram vel og ítrekað.

Vonir nýs formanns Skólanefndar

Það er von undirritaðrar að ný heimasíða bæjarins líti dagsins ljós fyrir en seinna svo upplýsingar verði aðgengilegri og tölvupóstum að hausti fækki. Það er vandasamt að stýra sveitarfélagi og fjárhagsstaða getur sett takmörk en með ríka áherslu á forgangsröðun, góða upplýsingagjöf og kraftmikla samvinnu tryggjum við áfram öflugt nærsamfélag. Stefunum öll að sama marki og veitum börnunum okkar fyrirmyndarþjónustu. Gleðilega rútinu kærur Seltirningar.

Höfundur er varabæjarfulltrúi og formaður Skólanefndar Seltjarnarness.



Dagbjört Snjólaug Oddsdóttir.

Dýri og félagar spiluðu á Lindarbrautinni



Dýri Guðmundsson og félagar spiluðu fyrir þátttakendur í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka á Lindarbrautinni laugardaginn 20. ágúst síðastliðinn og nutu góðs stuðnings Íslandsbanka sem útvegaði hljóðkerfi og Skátanna sem skýldu bandinu fyrir norðangjólunni.

Bandið í ár samanstóð af fulltrúum Lindarbrautar, Melabrautar, Skólabrautar, Selbrautar og Nesbala eða þeim Dýra Guðmundssyni á gítar, Bjarti Loga Finnssyni söng og gítar, Grétari Elíasi Finnssyni á trommur, Grímkeili Sigurþórssyni á gítar, Guðjóni Rúnarssyni á hljómborð, Kára Indriðasyni á bassa og Kristni Ólafssyni á munnhörpu. Það var frábært að Dýri skyldi treysta sér til að spila í maraþoninu, eins og hann hefur gert um langt árabíl. Hann hefur leitt hóp Nesara sem hafa gefið hlaupurum aukakraft til að kljást við Lindarbrautarbrekkuna. Þau hjón, Dýri og Hildur, hafa dvalið á Hrafnistu lungann af þessu ári.



Dýri Guðmundsson að leika á gítarinn.



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



www.systrasamlagid.is

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

KYNNINGARFUNDURINN, DAGSKRÁ OG VIÐBURÐIR

Félagsstarfið hefur farið vel af stað þetta haustið. Kynningarfundurinn og vöflukaffið var haldið miðvikudaginn 31. ágúst. Vel yfir 100 manns mættu á Skólabrautina. Margir skráðu sig á viðburði, á námskeið og í félag eldri borgara. Nær öll námskeið eru fullbókuð, en eitt sæti er laust í bókband. Nýr bæjarstjóri, Þór Sigurgeirsson mætti og ávarpaði gesti. Boðið var upp á vöflur að hætti hússins, kleinur og annað góðgæti. Þrátt fyrir þrængsli þá tókst þessi stund ágætlega. Farið var yfir vetrardagskrána, bæði föstu liðina, þau námskeið sem I boði eru og svo aðra viðburði. Allir Seltíringar 67 ára og eldri eiga að hafa fengið dagskrárblaðið í pósti.

HAUSTFAGNAÐUR. Þann 13. september var haustfagnaður í salnum á Skólabraut. Grillvagninn bauð upp á mjög góðan mat að venju, lamb og kjúkling með öllu tilheyrandi. Bjarni Hall hinn stórskemmtilegi trúbador mætti með gítarinn og allir skemmtu sér vel. Mikið sungið og trallað.

HAUSTFERÐ. Dagana 20. – 21. september var sameiginleg ferð Seltjarnarneskirkju og félagsstarfsins í Skagafjörð. Ákaflega vel heppnuð og skemmtileg ferð. Vel tekið á móti ferðalöngum á Löngumýri. Þar var boðið upp á góðan kvöldverð og skemmtilega kvöldvöku undir stjórn Gunnars Rögnvaldssonar staðarhaldara, en gist var á Löngumýri. Eftir morgunverð á miðvikudeginum var ekið inn Vesturdal og í Goðdalakirkju. Þar var farið yfir sögu staðarins og rifjuð upp ýmis atvik úr sveitinni. Síðan var ferðinni haldið áfram og ekið heim að Hólum í Hjaltadal þar sem sr. Halla Rut Stefánsdóttir tók á móti hópnum og fræddi gesti um sögu staðarins, kirkjan skoðuð ásamt Auðunarstofu. Á Hólum var boðið upp á kjötsúpu ásamt ýmsu öðru góðgæti. Þá var lagt af stað til baka með viðkomu í Kaupfélagi Skagfirðinga á Sauðárkróki. Veðrið skartaði sínu fegursta báða dagana og nutu ferðalangar fegurðar og stórkostlegra haustlíta í ferðinni.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ. Þann 30. september er svo leikhúsfærð og sýninguna Sem á himni. Félagsstarfið fékk frátekna 30 miða á sýninguna. Mikill áhugi er fyrir þessari sýningu og kominn biðlisti.

GAMLAR LJÓSMYNDIR Á BREIÐTJALDI /FIMMTUDAGINN 20. OKTÓBER Í HÁTÍÐARSAL GRÓTTU KL. 14.00. Leifur Reynisson hefur verið að fara á milli félagsmiðstöðva eldri borgara með sýningu gamalla ljósmynda, en myndirnar tengjast tímabilinu 1940-1960. Dagskrá þessi hefur fengið mjög góðar undirtektir. Myndirnar eru settar í sögulegt samhengi og efnt er til umræðna um hverja mynd. Hvetjum fólk til að fjölmenna.

BINGÓ Í GOLFSKÁLANUM OFL. Þriðjudaginn 25. október 14.00 er komið að vinsæla bingóinu í golfskalanum og einnig minnum við á að eftir miðjan október flyst þúttíð af Skólabrautinni á Nesvelli, aðstöðu golflúbsins. Önnur dagskrá og viðburðir eru samkvæmt dagskrárblaði, en veturinn lítur vel út þar sem góð þáttaka er í öllum dagskrárliðum og viðburðum.

SKÍÐASKÁLINN /EINSTÖK JÓLASTEMNING Í FJÖLLUNUM. Föstudaginn 25. nóvember verður farið á jólahlaðborð í Skíðaskálanum í Hveradölum. Ástæða þess að auglýsing varðandi þennan viðburð kemur svona snemma er sú að mikil aðsókn er á þessi kvöld og þarf að vera búíð að staðfesta komu okkar hóps fyrir mánaðamót okt.- nóv. en við eigum pantað fyrir 25 manns. Verð er kr. 16.000 og innifalið í verðinu er rúta fram og til baka, fordrykkur, hlaðborð og skemmtun, en Benni Sig sér um hátíðlega tónlist á meðan á borðhaldi stendur. Skráningarblöð liggja frammi á Skólabraut og Eiðismýri.

BÓKAÐ MÁL

Islandia



Það er byrjað að rigna í Malaga.

Ég geng rólegar hliðargötturnar á

leiðinni upp á hótél. Það er áliðið og heimafólk farið að renna ískrandi málmhlerum fyrir búðarglugga og dyraop. Í volgu loftinu liggur ilmur af blautu göturyki og suður-evrópsku borgarrusli og mér finnst ég vera ægilega langt að heiman. Einmitt þá beygi ég fyrir horn og heyri hátt og snjallt á glimrandi skærri íslensku: *Ég fékk sko miklu ódýrara kaffi á staðnum í gær! Já og betra sko ...*

Því eins og allir vita erum við Íslendingar gjörsamlega alls staðar og enginn friður fyrir okkur. Það mætti svo sannarlega halda að við værum miklu fleiri en okkur hefur verið talin trú um.

Daginn eftir leita ég skjóls undan sólinni í keðjubókabúð í miðbænum og það fyrsta sem ég sé eru titlar eftir íslenska höfunda í útstillingu á besta stað. Heilu staflarnir af Hallgrími Helgasyni og Auði Övu innan um söluhæstu höfunda Evrópu. Aftur fyllist ég þessari kunnuglegu tilfinningu, blöndu af furðu og stolti yfir því hvað litla Ísland er vöðalega áberandi úti í hinum stóra heimi. Ég blaða í *La mujer a 1000°* og *Luz de verano, y después la noche* og klóra mér í höfðinu. Hvernig förum við eiginlega að þessu?

En síðar sama dag spyr vingjarnleg afgreiðslukona í fataverslun mig hvaðan ég sé og er eitt spurningarmerki þegar ég segi *Iceland*. Ég prófa *Islandia* en hún hristir bara höfuðið og brosir, hún hefur aldrei heyrt um Ísland og veit ekkert hvar í heiminum það er.

Þetta gerist svo aftur á Carmen Thyssen-safninu og aftur á litlum tapasbar við ströndina svo tilfinningin fyrir Stóra-Íslandi minnkar töluvert eftir því sem sem liður á ferðina. Því þrátt fyrir allar söngvakeppnir og alla fótoltaleikina, þrátt fyrir allt skyrið og öll eldgosin er ennþá fullt af fólki sem hreinlega veit ekki að við erum til.

Því svona er Ísland víst. Bæði risastórt og pínulítið. Alveg eins og heimurinn allur.

TRYGGVI STEINN STURLUSON

Bókavörður á Bókasafni Seltjarnarness

RECARO
Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMÍÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Karen María Jónsdóttir skrifar:

Houdini afbyggður!

Pegar Þjóðskrá birti nýtt fasteignamat íbúðarhúsnæðis í júní fyrr á þessu ári supu margir hveljur. Strax var bent á að álagningarprósenta fasteignaskatts væri lægst hér á Nesinu á landinu öllu þ.e. 122.500 kr. eða 0,175% á 70 fm. íbúðarhúsnæði. Í Reykjavík væri hún 126.000 kr. eða 0,18%. Lækkun skatta var einnig á lofað og því önduðu Nesbúar léttar.

Skattasjónhverfingin!

Hér á Seltjarnarnesi hefur umræðunni um lægsta fasteignaskattinn verið haldið á lofti til að beina athyglinni frá þeim blákalda veruleika, að íbúar greiða hér hlutfallslega hæstu fasteignagjöldin á öllu landinu. Til glöggvunar þá standa gjöldin almennt saman af fasteignaskatti, lóðarleigu, fráveitugjaldi, vatnsgjaldi og sorpgjöldum. Sem einstaka liður er fasteignaskatturinn lægri hér en í Reykjavík en sé lóðarleiga tekin með snýst dæmið strax við. Staðan verður enn áhugaverðari ef við berum saman aðra almenna liði fasteignagjaldanna.

Afmörkum til einföldunar Reykjavík við Vesturbæinn sunnan Hringbrautar og vestan við Suðurgötu eða hverfahlutana Granda, Skjól, Mela og Haga. Sveitarfélagsmörkin liggja á milli svæðanna sem eru einnig svipuð að stærð. Samkvæmt úttekt Bygðarstofnunar frá árinu 2021 var heildarfasteignamat viðmiðunareignar hæst í Vesturbænum á landinu öllu en næst kom Seltjarnarnes. Heildarfasteignagjöld viðmiðunareignar voru hins vegar hærri hér á Nesinu, eða á bilinu 462-489 þ.kr. meðan þau voru lægri í Vesturbænum eða 380-440 þ.kr.

Hókus holræsapókus!

Hæsta upphæð fráveitugjalds fyrir viðmiðunareign árið 2021 var samkvæmt Bygðastofnun á Seltjarnarnesi, eða 131.772 kr. á meðan það var einungis 82.897 kr. í Vesturbænum. En hver er hin eiginlega þjónusta? Í gegnum fráveitukerfið fer allt það sem sturtað er niður í klósett, vatn frá sturtum, baði, vöskum, þvottavélum og öðrum heimilistækjum sem og vatn frá hitun húbýla. Þá tekur í eldri hverfum fráveitukerfið einnig við regnvatni og öðru yfirborðsvatni.

Við venjulegar aðstæður dæla skólpadælustöðvar öllu klabbinu til hreinsistöðva en í rigningum bætast yfirfallsdælur við og þá fer skólp beint í sjó, rétt úti

fyrir fjöruborðið. Í fráveitusjá má sjá í rauntíma hvort skólpi hafi verið dælt í fjöruborðið í Vesturbænum og ef svo er hvenær það gerðist síðast og hversu lengi. Þar með hvort sjórinn sé til hæfur til sjósundiðkunar og strendurnar fjörufærða leikskólalabarna.

Hér á Nesinu er mávagerið við enda skolpróranna eina vísbendinging um rauntímastöðuna. Þá heryn við í fréttum að Umhverfisstofnun hefur séð sig tilneydda að vakta sérstaklega fjöruna í Bakkavík þar sem dömubindi, eyrnapinnar, bleyjur og annað sem hent er í klósett rekur hér í miklu magni upp í fjörur. Loks niðurstöður úr sýnatökum Heilbrigðiseftirlitsins sem ár eftir ár hefur bent á að magn saurkóligerla hér í fjörum fari reglulega yfir hættumörk.

Kýr meig í kross – Gullfoss

Vatnsgjaldið samanstendur af fastagjaldi og fermetragjaldi. Vatnsgjaldið er með því lægsta á höfuðborgarsvæðinu af landinu öllu eða meðaltali 44.958 kr. per viðmiðunareign. Innan eru höfuðborgarsvæðisins er gjaldið hins vegar hæst á Seltjarnarnesi er 79.063 kr. en í Vesturbænum er það aðeins 38.814 kr. Fyrir hvaða umframþjónustu erum við að borga?

Töfrahringur á flokkunarfingur

Ólíkt öðrum liðum fasteignagjalda er sorpgjald ekki misjafnt eftir stærð eða fasteignamati íbúðarhúsa og því er minni munur á sorpgjaldi milli matssvæða en í öðrum gjaldaliðum. Þá er misjafnt hvað er innifalið í sorpgjaldinu en sveitarfélögin veita mismunandi þjónustu hvað varðar fjölda og stærð tunna sem boðið er upp, tegundir endurvinnslutunna, tíðni sorplosana, grenndargáma og fleira. Sorphirðugjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við sorphirðu og urðun sorps, grenndargáma ásamt

kostnaðarhlutdeild við rekstur endurvinnslustöðva.

Sorphirðugjaldið er hærri í Vesturbænum en á Nesinu eða 65.960 kr. móti 42.612 kr. sé miðað við 240 lítra sorptunnu fyrir almennt heimilissorp. Hér er boðið upp á Gráa tunnu fyrir almennt sorp auk pappírstunnu en gjaldið er það sama fyrir báðar tunnurnar. Í Vesturbænum er tunnum gjaldskipt sem hvati til flokkunar og eru bláar tunnur fyrir pappír, grænar fyrir plast og brúnar fyrir lífrænan úrgang allt að þrisvar sinnum ódýrari en gráa tunnan fyrir almenna sorpið. Þá eru hér á Nesinu engar grenndarstöðvar til móttöku á pappír, plasti, gleri og öðrum endurvinnsluefnum en í Vesturbænum má finna tvær slíkar stöðvar.

Ja, hvor röndóttur!

Hugmyndin um Seltjarnarnes sem skattaparadís er rótgróin en hún er líka full af mótsögnum. Haft er eftir sjálfstæðismönnum að hækkan skatta geti búið til vanda og leitt sjónar af öðru en grunnrekstri, yfir í gæluverkefni og of mikla yfirbyggingu. Þetta sýndu dæmin í Reykjavík, þar sem flokkar minnihlutans á Seltjarnarnesi réðu för og slíkt bæri að varast. Á sama tíma greiða íbúar hér hlutfallslega hæstu gjöldin og fyrir oft mun minni og oft lakari þjónustu.



Karen María Jónsdóttir.

Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

» Þarf stærri heimaug?
» Hvaða lausn hentar best?
» Er kerfið búið álagasstyringu?
» Sjálfvirk greiðslu- og innheimtukerfi?

• EIGNAumsjón

20 ára

thjonusta@eignajon.is | eignajon.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



www.utfarin.is ♦ Auðbrekku 1, Kópavogi



Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is ♦ Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



Kjartan Kári efnilegasti leikmaðurinn

Kjartan Kári Halldórsson er efnilegasti leikmaður Lengjudeildarinnar 2022. Hann hefur einnig verið valinn efnilegasti leikmaður ársins 2022.

Kjartan hefur skorað 15 mörk í 18 leikjum í Lengjudeildinni í ár og staðið sig gríðarlega vel með sínu uppeldisfélagi. Gróttu á einnig tvo fulltrúa á varamannabekk úrvalsliðsins en það eru þeir Jón Ívan Rivine og Arnar Þór Helgason. Knattspyrnudeild Gróttu óskar Kjartani innilega til hamingju með þennan glæsta árangur.



Fannar Hrafn valinn í Hæfileikamót N1 og KSÍ

Gróttumaðurinn Fannar Hrafn Hjartarson hefur verið valinn til að taka þátt í Hæfileikamóti N1 og KSÍ 2022 dagana 14. til 16. september.

Æfingarnar fara fram í Miðgarði í Garðabæ. Fannar er fæddur árið 2008 og er gríðarlega efnilegur. Knattspyrnudeild Gróttu fagnar því að eiga fulltrúa í þessum hópi og óskar Fannari góðs gengis á æfingunum.



Æfingatafla knattspyrnudeildar

Vetraræfingatafla knattspyrnudeildarinnar tók gildi þann 1. september sl. Við hvetjum alla til að koma og prófa æfingu!

ÆFINGATAFLA KNATTSPYRNUDEILDAR GRÓTTU 2022/2023							
	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	
8. fl. kk.			7:50 (stóri)	15:45			
8. fl. kvk.		7:50 (stóri)		15:45			
7. fl. kk.	14:45	15:30			14:30		
7. fl. kvk.	15:30			15:30	14:00		
6. fl. kk.		15:30	15:30		15:00		
6. fl. kvk.	16:30	16:00			16:15		
5. fl. kk.		15:20	16:00	15:00	16:15		
5. fl. kvk.	16:45	15:20			16:45	11:30	
4. fl. kk.	20:00	19:00	18:30	16:15	15:00		
4. fl. kvk.	17:45/18:25		16:00	19:30	18:30	10:00	
3. fl. kk.	18:00	19:00	20:00	16:30		11:30	
3. fl. kvk.	19:00	16:30	18:00		16:10/18:00	12:00	
2. fl. kk.		19:00	19:00	18:30	19:00		
2. fl. kvk.	19:30			20:00	16:10		
Vivaldi	Styrkur						
Litli salur	KR						

Geggjað Verbúðarballið

Verbúðarballið fór fram með pompi og prakt í íþróttahúsinu Seltjarnarnesi 10. september. Mæting á ballið fór fram úr björtustu vonum, fólk skemmti sér stórvel og ballið fór fram án stórafalla.

Einnig var virkilega gaman að sjá hve margir dressuðu sig upp í anda Verbúðarþáttanna og það setti sterkan svip á ballið.

Hljómsveitin Verbúðarbandið

fór á kostum ásamt Selmu Björns og Stebba Hilmar, óvæntur leynigestur dúkkaði upp en það var neskúinn Baddi í Jeff Who. Herbert Guðmundsson opnaði ballið um tíu leytið og okkar eini sanni dj. Magnús Helgason sá um tónlistina milli atriða.

Stefnan er að þetta verði árlegur viðburður.

Eyjólfur Garðarsson ljósmyndari Gróttu mætti með myndavélina.



GETRAUNANÚMER GRÓTTU

170

Kvennagolfmót Soroptimista



Soroptimistaklúbbur Seltjarnarness hélt árlegt kvennagolfmót á Nesvelli í ágúst sl. Allur ágóði rennur til Líf styrktarfélags.

Soroptimistaklúbbur Seltjarnarness þakkar styrktaraðilum og þátttakendum kærlega fyrir stuðninginn. Á myndinni má sá hvar konurnar voru mættar með græjurnar sínar til að taka þátt í kvennagolfmótinu.

Nú er lag að snyrta gróður við lóðamörk

Þegar sumri hallar og hausta fer, er tími til kominn að athuga hvort ekki þurfi að klippa tré og runna. Skoða þá sérstaklega hvort að runnar eða tré nái inn á gangstéttir eða yfir í garða nággranna. Ennfremur er góð regla að eiga samtal, hafa samráð og/eða vera í samstarfi við nággranna okkar varðandi gróður og annað sem gæti haft áhrif á þá.

Varðandi gróður sem fer yfir eða inn á gangstéttir og götur þá er lóðareigendum skylt að hemja þann gróður skv. Byggingarreglugerð 112/2012, þannig að hann byrgi ekki sýn eða hamli för gangandi vegfarenda og loki fyrir vélar í snjómokstri.

Íbúar eru einnig hvattir til að kynna sér samþykkt um umgengni og þrífnað utan húss á Seltjarnarnesi á heimasíðu bæjarins www.seltjarnarnes.is/stjornsysla/samthykkir/nr/316

Munum að með því að taka til í okkar eigin garði og nánasta umhverfi þá tökum við öll þátt í að gera bæinn okkar enn fallelri.

Ingimar Ingimarsson
Garðyrkjustjóri Seltjarnarnesbæjar



www.systrasamlagid.is

EKKI LÁTA RUGLA Í ÞÉR!




Viridian vítamín og bætiefni

Bresku vítamínin, bætiefnin, jurtirnar og olíurnar frá Viridian eru eins hrein, lífræn og náttúrleg og mögulegt er að framleiða. Án fylliefna, aukaefna, "nastís", páлмаolíu og síðferðislega unnin skv. ströngustu kröfum.



Himneskur haust hafragrautur
Töfrandi, lífrænn og bragðgóður.
Fullkomin fyrir blóðsykur-
jafnvægið.



Dekraðu við þig
Fallegt úrval af gæða burstum,
olíum, sápum og öðru dekrei.



3ja daga endurræsing

Kynntu þér hina vinsælu og ljúfu 3ja daga endurræingu sem fram fer í október og nóvember. Sala á plássum hafin.



Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-17
Lau: 11-16

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

Nesdekk - í næsta nágrenni!

Réttu dekkin draga fram bestu
eiginleika bílsins og veita
hámarks öryggi við misjöfn
akstursskilyrði.

Fáðu ráðleggingar fagmanna
við val á réttum dekkjum.



Birt með fyrirvara um mynd- og textabreytingu.



Toyo Pirelli Laufenn Maxxis Mastercraft Nankang Double Coin



Bókaðu tíma og skoðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is

Ekki lenda í biðröð. Þú sparar tíma með því að bóka tíma.

Nesdekk

Fiskislóð 30 / 101 Reykjavík / 561 4110 / Tímabókun

NESDEKK
nesdekk.is / 561 4200